



## Markmið Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Félagið hefur að meginmarkmiði að stuðla að iðkun spaðaiþróttanna meðal félagsmanna og skapa jafnframt skemmtilega félagslega umgjörð fyrir alla félagsmenn.

Markmið félagsins má flokka í eftirfarandi þætti:

### Íþróttaleg:

- Að Badmintonfélag Hafnarfjarðar eigi hverju sinni íþróttamenn sem skipa sér meðal þeirra bestu á Íslandi og jafnframt keppnishæfa á alþjóða vísu.
- Að iðkendur geti stundað íþrótt sína við aðstæður sem eru meðal þeirra bestu á Íslandi.
- Að bjóða börnum upp á skemmtilega og fjölbreytta íþróttaiðkun.
- Að bjóða unglingum upp á að velja hvort þau vilja fara þá leið að verða afreks- eða keppnisfólk eða iðka badminton eða borðtennis sér til heilsubótar og skemmtunar eingöngu.
- Að iðkendum gefist tækifæri á að þroska og efla sína getu með aðstoð menntaðra þjálfara og öflugs umhverfis.

### Félagsleg:

- Að utan hefðbundinna íþróttæfinga og keppni gefist iðkendum tækifæri á að njóta öflugs félagslífs.
- Að stuðla að aukinni þátttöku félagsmanna í starfi félagsins.
- Að vera opið fyrir iðkun allra þjóðfélagshópa og kynja.
- Að bjóða reglulega uppá ýmiskonar fræðslu til að efla iðkendur bæði íþróttalega og félagslega
- Að iðkendum líði vel í félaginu.

### Fjármálaleg:

- Að félagið sé rekið á ábyrgan og öflug hátt.
- Að félagið sé ekki skuldsett.
- Að félagið sé rekið án halla.
- Að velta félagsins fari vaxandi frá ári til árs.